

Bræðrakveðja

(Liðinn er dagur)

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1923

Radds.: Páll Ísólffson, 1925

Moderato

Lið - inn er dag - ur, og kvölds-ins óm-ar kall-a, kem-ur húm - ið með draum-a

val. Nátt-skugg-inn læð - ist og vefst um allt og all - a. Auðn-in grúf - ir í

hljóð - um sal. Síð - ast - a skar - ið bloss - ar upp og brenn - ur.

Bros og hlát-ur dvín - ar á þreyttr - i vör. Sam - ver - u -

stund - in til end - a óð- um renn-ur. Ys - inn þagn - ar og hljóðn - a svör.

BRÆÐRAKVEÐJA

Liðinn er dagur, og kvöldsins ómar kalla,
kemur húmið með drauma val.
Náttskugginn læðist og vefst um allt og alla.
Auðnin grúfir í hljóðum sal.

Síðasta skarið blossar upp og brennur.
Bros og hlátur dvínar á þreyttri vör.
Samverustundin til enda óðum rennur.
Ysinn þagnar og hljóðna svör.